

Hafnarreglugjörð

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

62
9. maí

I. Þáttur.

Um takmörk og stjórn hafnarinnar.

I. KAFLI.

Um takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Siglufjarðarhöfn tekur yfir Siglufjörð innan línu, sem hugsast dregin inn Siglunestá í Djúpavog norðan Landsenda.

II. KAFLI.

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmála undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni.

3. gr.

Bæjarstjórn ræður umsjónarmann hafnarinnar eftir tillögum hafnarnefndar.

II. Þáttur.

Um hafnargjöld.

III. KAFLI.

Um lestargjöld.

4. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vjelskip, stærri en 12 smálestir, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni eða við bryggju, þó með þeim

62 undantekningum, er síðar getur. Gjaldið reiknast af nettó burðarmagni skipsins, 9. maí talin í heilum smálestum og er $\frac{1}{2}$ smálest talin sem heil, en minna broti er slept.

Ef skip hafa 2 mælingarbrjef yfir nettó burðarmagn skips skulu gjöldin reiknuð eftir því nýjasta.

5. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Siglufirði og skrásett þar, og ekki eru í millilanda siglingum, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, kr. 0.50 fyrir hverja smálest.
- b. Innlend fiskiskip skulu greiða 10 aura fyrir hverja smálest í hvert skifti, sem þau koma til hafnar, þó ekki meira á ári en kr. 1.50 fyrir hverja smálest.
- c. Öll önnur skip, sem eru einungis í innanlands siglingum, geiði 15 aura fyrir hverja smálest í hvert skifti, sem þau koma til hafnar.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda, sem sannast í sjóprófi, sem haldið er, skulu greiða 20 aura í lestargjald fyrir hverja smálest. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka gjald þetta eða fella alveg burtu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.
- e. Af geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun, eða bræðsluskipum, skal gjalda í aukagjald 75 aura af hverri smálest.

6. gr.

Ef flutningaskip liggur á höfninni lengur en 6 daga skal það greiða lestargjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim, þó skulu flutningaskip, sem bíða eftir síldarfarmi og búsettur maður, eða maður, sem á síldarstöð í kaupstaðnum, hefir á leigu eða á, ekki greiða gjaldið fyr en eftir 10 daga. Nú er skip veðurtept og telst sá tími ekki með.

IV. KAFLI.

Um ljósgjöld.

7. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum og lestargjald greiða samkvæmt framanrituðu, skulu greiða ljósgjald þannig:

- a. Skip, sem getið er um í 4. gr. a., greiði 5 kr. á ári.
- b. Skip, sem getið er um í 4. gr. b., greiði 1. krónu í hvert skifti, er þau koma til hafnar.

- c. Öll önnur skip undir 100 smálestum greiði 4 krónur, 100 til 200 smálesta greiði 8 krónur og yfir 200 smálesta greiði 20 krónur í hvert skifti, sem þau koma til hafnar. Þó greiði farþegjaskip yfir 200 smálestir aðeins 1 eyri af hverri smálest í hvert skifti.

62
9. maí

V. KAFLI.

Um ýms gjöld hafnarinnar.

8. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarsjóðs til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 8 aura af hverri smálest fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 kr.

9. gr.

Vjelbátar 12 smálestir og minni greiði sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 5 kr. í hvert skifti, sem þeir koma til hafnar eða 10 kr. eitt skifti fyrir öll á ári.

Vjelbátar 12 smálestir og minni, sem eiga heima á Siglufirði, greiði 5 kr. árlegt gjald.

10. gr.

Innlend skip, sem lagt er í vetrarlagi á höfninni, greiði 25 aura fyrir hverja smálest. Útlend skip greiði gjaldið tvöfalt.

VI. KAFLI.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

11. gr.

Bæjarfógeti sjer um innheimtu allra hafnargjalda og skulu gjöldin greidd á skrifstofu hans. Innheimtulaun eru 4%.

12. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjaldanna (lestargjaldi, bryggjugjaldi, ljósgjaldi og fjörugjaldi) og má taka lögtaki gjöldin hjá skipstjóra og formanni og útgerðarmanni skips. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á fleytunni eða ef eigi næst í hann, ber eigandi hennar ábyrgð á greiðslu gjaldanna og má taka gjöldin lögtaki hjá honum.

Gjöldin skulu greidd í hvert skifti, sem skip hafnar sig á höfninni eða leggjast við bryggju, þó getur innheimtumaður leyft skipum, sem stunda hjeðan veiðar, að borga öll gjöldin í einu áður en þau fara hjeðan og ber þeim að semja um það við innheimtumann fyrirfram.

62
9. maí

Skip, sem fer í óleyfi út af höfninni án þess að borga lögmæt hafnargjöld og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá bæjarfógeta, hefir gert sig sekt í broti á reglugjörð þessari og fer um það brot sem önnur brot á reglugjörðinni. Mál skal þó eigi höfða, ef greiðsla gengur tregðulaust, þegar krafist er.

Skip, sem liggja á Siglunesbót mega greiða hafnargjöldin umboðsmanni bæjarfógeta á Siglunesi. Er bæjarfógeta skylt að setja slíkan umboðsmann.

Nú fer skip burt af höfninni í óleyfi, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur rís síðar upp um, hve oft skipið hafi hafnað sig á höfninni, og skal þá farið eftir skýrslu umsjónarmanns hafnarinnar um það efni.

VII. KAFLI.

Um geymsluskip.

13. gr.

Sjerstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert skifti til þess að leggja megi á höfnina skipum, sem notuð eru til geymslu, og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, en taka það af grunni, ef það rekur á land, svo að ekki verði skemdir á höfninni. Sje þessu skilyrði ekki fullnægt innan hæfilegs tímafrests, að álitni hafnarnefndar, þá getur hafnarnefndin látið gera verkið á kostnað eiganda. Umsjónarmaður hafnarnefndar ákveður í hvert skifti, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust grunnfærin skuli vera, og hvernig þeim skuli fyrirkomið.

Sje leyfi hafnarnefndar fengið til þess að leggja skipinu, þá er eiganda þess heimilt að láta það liggja án þess að menn sjeu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Á öðrum tímum árs skulu vera að minsta kosti 2 menn, sem hafnarnefnd tekur gilda, í skipinu, en þeir skulu halda vörð, sjá um að lögboðin ljósker sjeu kveikt og annast skipið að öðru leyti.

Ljós skal kveikja á skipinu í það mund, er vitar eru kveiktir hjer á landi og hljóðbendingar skulu gjörðar eftir þeim reglum, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

VIII. KAFLI.

Um vetrarlegu.

14. gr.

Mannlausum skipum, sem heimilisfang eiga á Siglufirði, er heimilt að leggja í vetrarlagi á innri höfninni. En innri höfnin er sá hluti hafnarinnar, sem liggur inan við línu dregna úr Eyraroddanum í Ráeyri austan fjarðarins. Um leyfi ber þó í hvert skifti að sækja til hafnarnefndar, og skal þá umsjónarmaður hafnarinnar ákveða legustað fyrir hvert skip. Hann skal ennfremur sjá um, að

skipin sju lögð fyrir traustum grunnfærum, og ákvæðum hans skal einnig hlíta um það, hvernig festum skuli fyrirkomid og útbúnaður skipanna sje að öðru leyti. 62
9. maí

Meðan skip liggur mannlaust í vetrarlagi, skal, ekki sjaldnar en einu sinni í viku, farið út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og reynist svo, þá skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Umsjónarmaður hafnarinnar skal hafa í þóknun 5 krónur af hverju skipi, sem lagt er í vetrarlagi, og greiði útgjörðarmenn skipanna þetta gjald.

Umsjónarmaður hafnarinnar hefir eftirlit með öllum skipum af hálfu hafnarnefndar.

Hafnarsjóður ber enga ábyrgð á þeim skipum, sem lagt er í lagi á höfninni.

III. báttur.

Um almenna reglu og umferð um höfnina.

IX. KAFLI.

Um almenna reglu.

15. gr.

Umsjónarmaður hafnarinnar sjer um, að gætt sje reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sjer órjettur ger, getur hann kært það fyrir bæjarfógeta, en skipun umsjónarmanns hafnarinnar ber að hlýða þegar í stað.

16. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

17. gr.

Böð nálægt landi eða við bryggju hafnarinnar eru bönnuð, nema með leyfi lögreglustjóra. Veiði með skotum og öll skot að óþörfu getur hafnarnefnd bannað á höfninni, innan línu frá Hvanneyri í Staðarhólsbæ. Undanþágu getur þó bæjarfógeti veitt, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

18. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavjel skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu.

62
9. maí Álíti umsjónarmaður hafnarinnar að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, uns gjörðar hafa verið nauðsynlegar ráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldshætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi bæjarfógeta.

19. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip nje þjetta eldri skip eða gjöra við þau á annan hátt, nema með leyfi bæjarfógeta, og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi bæjarfógeta.

X. KAFLI.

Um leigu skipa og umferð þeirra á höfninni.

20. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki nje afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skifti skyld að hlýða boðum umsjónarmanns hafnarinnar um, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjum, að eigi sje nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggjja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri eða annar umráðamaður skips við að hlýða umsjónarmanni hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá umsjónarmaður hafnarinnar látið gjöra það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns skipsins.

21. gr.

Í hverju skipi eða fari (að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlous í lagi á höfninni) skal jafnan vera 1 maður að minsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gjöra eitthvað annað, samkvæmt reglugjörð þessari.

22. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur hafnarinnar, nema við festarhringana eða við festarstólpa. Sjeu landfestar úr jární, skulu þær vera klæddar þær sem þær hvíla á bólvirkinu. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sje úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef krafist er.

62
9. maí

23. gr.

Gufuskip og önnur vjelskip mega ekki láta vjelarnar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

24. gr.

- a. Umsjónarmaður hafnarinnar getur krafist þess, að sjerhvert skip, sem liggur á höfninni, verði flutt, ef það, að álitum hans, tálmar umferð á höfninni. Fær-ist hlutaðeigandi undan að flytja skipið eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er umsjónarmaður hafnarinnar hefir tiltekið, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeigenda.
- b. Ef skip lendir á grynningum eða sekkur á höfninni, þar sem það, að álitum umsjónarmanns hafnarinnar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Ef dráttur verður á því, má hafnarumsjónar- maður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, eða þess, sem skipið hefir á leigu, og er umsjónarmanni hafnarinnar, í samráði við hafnarnefnd, heim- ilt að selja skipið á uppboði, til lúkningar kostnaðinum. Lögtaxrjettur fylgir kröfu hafnarnefndarinnar á hendur eiganda eða leigjanda skips.

IV. Þáttur.

XI. KAFLI.

Ýms ákvæði.

25. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Umsjónarmaður hafnarinnar er rjettur sóknaraðili skaðabótamáls, nema hafnarnefnd hafi þar á gjört aðra skipun.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gjöra skal það áður en einn mánuður sje liðinn frá því að matsgjörð var lokið. Yfirmat skal fram fara af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæð- inni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjalds- upphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn. Skip er að lögveði fyrir skaðabótum.

62
9. maí

Enginn, sem bakað hefir sjer refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugjörð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarfógeti tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

26. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugjörð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt 21. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

27. gr.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina nema með leyfi landeiganda og hafnarnefndar.

28. gr.

Beitutaka er bönnuð innan takmarka hafnarinnar, sbr. 1. gr., nema með leyfi formanns hafnarnefndar, er ákveðið getur gjald fyrir beitutöku í samráði við hafnarnefnd.

29. gr.

Ekki má kasta út seglfestu, ösku, kolum, eða neinu öðru, er valdið getur skemdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, nje flytja það úr landi út í höfnina.

Ekki má heldur gjöra nein hafnarvirki við höfnina, nje breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

30. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar.

31. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

32. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júní 1922, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugjörð fyrir Siglufjarðarkauptún frá 30. maí 1918.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest, samkvæmt lögum nr. 64, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. maí 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.